

Fjarðabyggð
Aron Leví Beck Rúnarsson
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 24. október 2023
UST202310-052/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040- Skógrækt í Fjarðabyggð

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa í Fjarðarbyggð er barst 4. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040 vegna skógræktar.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skógræktaráform umfram 50 ha munu kalla á aðalskipulagsbreytingu, en í núgildandi ákvæðum er miðað við 200 ha.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að sveitarfélagið leggi áherslu á skógrækt og landgræðslu í aðalskipulagsstefnu.

Skógrækt og mat á umhverfisáhrifum

Í greinargerð er fjallað um í umhverfismati um þá málsmeðferð sem þarf að fara í við gerð skipulagsáætlana. Umhverfisstofnun tekur undir að mikilvægt sé að vanda til verka og hugað sé vel að umhverfisáhrifum þegar farið er í umfangsmiklar framkvæmdir sem geta haft áhrif á fjölmarga umhverfisþætti eins og líffræðilegan fjölbreytileika, fuglalíf, viðgerðir, ásýnd og landslag, vatn og kolefnisbinding og loftslagsmál.

Umhverfisstofnun vill einnig benda sveitarfélaginu á eftirfarandi. Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 111/2021 skulu tilkynningarskyldar framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka við lögina háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka. Hér um ræðir flokk 1.04, en þar segir nýræktun skóga sem tekur til 200 ha eða stærra svæðis. Varanleg skógareyðing sem tekur til 0,5 ha svæðis eða stærra.

Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

iii. verndarsvæði:

- a) náttúruminja í A-, B- og C-hluta náttúruinjaskrár, svæða sem falla undir ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd og landsvæða í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar samkvæmt [lögum nr. 48/2011](#),
- b) svæða sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, svo sem Þingvalla, Mývatns- og Laxárvæða og Breiðafjarðar,

- c) svæða innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar,
- d) svæða, sem njóta verndar vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns og reglugerð um neysluvatn,
- e) svæða sem njóta verndar samkvæmt samþykktum alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af, svo sem Ramsarsamningsins (votlendi) og Bernarsamningsins (verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu), friðaðra og friðlýstra tegunda sem og ábyrgðartegunda; tegundir á valista falla hér undir enda eru valista m.a. gefnir út til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt Bernarsamningnum,
- f) hverfisverndarsvæða samkvæmt ákvæðum í skipulagsáætlunum, sbr. ákvæði um hverfisverndarsvæði í skipulagsreglugerð,

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri